

kaupa fyrir fjós á jörðinni Daufá, er slíkt hús eptir eldri og nýrri úttektargjörðum eigi hafi fylgt jörð þessari. 1861.
5. júlím.

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um leyfisbréf til að hafa veitingahús í Reykjavík. 5. júlím.

Eptir að dómsmálastjórnin með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 28. febrúarm. þ. á., hefir fengið álitsskjöl frá bæjarfógetanum og bæjarstjórninni í Reykjavíkur kaupstað, um það, hvort ástæða sè til að veita N. Jörgensen, er fyrrum var gestgjafi í veitingahúsi því, sem kallað er „Scandinavia“, leyfisbréf til að hafa veitingar og gestaherbergi á öðrum stað í kaupstaðnum, m. m., skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þer gjörð frekari ráðstafanir í því efni, að eptir þeim skýrslum, sem nú eru framkomnar um það, hvernig ástatt er, má veita Jörgensen leyfisbréf með vanalegum kjörum, svo sem hann hefir um beðið í bænarskrá þeirri, er fylgir bréfi þessu.

36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu. 5. júlím.

Eptir bænarskrá, er þer, herra amtmáður, hafð sent hingað með bréfi 17. febrúarm. þ. á., hefir dómsmálastjórnin veitt Valgerði Árnadóttur á Grund, ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði landsins.